

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Áshildarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. desember 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áshildarsjóð.

Í samræmi við viljayfirlýsingu í erfðaskrá Guðmundu heitinnar Guðmundsdóttur, nnr. 3018-5234, Kleppsvegi 28, Reykjavík, sem sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn Hörð Ásgeirsson, nnr. 4461-8516, er stofnað til sjóðs um andvirði dánarbús þeirra með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Áshildarsjóður.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2 872 172,22 sem haldast skal óskert. Sjóðurinn skal ávallt ávaxta með sem bestum hætti.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé hans og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Megintilgangur sjóðsins er stuðningur við starfsemi í þágu vangefinna á Íslandi. Meðan Áshildur dóttir Guðmundu og Harðar heitinna lifir, skal eftir þörfum verja allt að helmingi sjóðtekna til framfærslu hennar, en að öðru leyti skulu tekjur sjóðsins renna til starfs í þágu vangefinna. Að Áshildi látinni skal öllum tekjum sjóðsins varið í samræmi við greindan höfuðtilgang hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn: Ebenezer Ásgeirsson, Öldugötu 16, Reykjavík, skv. tilnefningu Guðmundu heitinnar í erfðaskrá og er hann formaður. Magnús Kristinsson, Akraseli 24, Reykjavík, skv. tilnefningu Styrktarfélags vangefinna. Gísli Steinsson, Goðalandi 5, Reykjavík, eftir tilnefningu tveggja fyrrnefndra stjórnarmanna.

6. gr.

Sjóðsstjórn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.